

Samstarfssamningur

Akureyrarbæjar við Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp um brunavarnir

Akureyrarbær, kt 410169-6992, annars vegar og Eyjafjarðarsveit, kt 410191-2029, Hörgársveit, kt. 510101-3830 og Svalbarðsstrandarhreppur kt. 640269-2279 hins vegar, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning um brunavarnir:

1.0. Almennt.

Akureyrarbær tekur að sér framkvæmd brunavarna og eldvarnaeftirlits samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br., reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 m.s.br. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 og brunavarnaáætlun Slökkviliðs Akureyrar í Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppi (hér eftir nágrannasveitarfélögin).

Samningur þessi er gerður samkvæmt 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Akureyrarbær felur Slökkviliði Akureyrarbæjar (hér eftir SA) að annast verkefnið.

Auk lögbundinna starfa SA sinnir SA bráðaútköllum vegna bruna á starfssvæði Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Einnig sinnir SA slökkvistarfi á flugvellingum á Akureyri samkvæmt flugslysaáætlun í samráði við Flugmálastjórn, Almannavarnir og fer með slökkvi- og björgunarstarf í Vaðlaheiðargöngum.

SA sinnir einnig sjúkraflutningum á starfssvæði HSN Akureyri og sjúkraflugi innanlands, sem er óháð samningi þessum.

2.0. Stjórn verkefnisins og staða slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri SA fer með stjórn og skyldur verkefnisins á starfssvæðum nágrannasveitarfélaga.

Ekki er þörf á staðfestingu á ákvörðun um framkvæmd verkefna, sbr. 6. tl. 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Slökkviliðsstjóri skal halda árlegan fund í október með sveitarstjórum nágrannasveitarfélaganna um áætlanir fyrir komandi ár og rekstur SA sbr. 8. tl., 4. mgr. 96. sveitarstjórnarlaga. Jafnframt skal senda nágrannasveitarfélögunum sundurliðar uppgjör fyrir næstliðið ár í apríl.

Við framkvæmd verkefna hefur SA ekki gert samning við einkaaðila, en ef af því yrði er heimilt að gera einstaka samninga við einkaaðila, sbr. 7. tl. 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

3.0. Verkefni SA

SA skuldbindur sig með samningi þessum, að hafa með höndum öll lögbundin verkefni sem mælt er fyrir um í III. kafla laga nr. 75/2000 og brunvarnaráætlun SA.

Þessir þjónustuflokkar eru:

1. vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss
2. slökkvistarf innanhúss og reykköfun
3. viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun
4. björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum
5. eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum

Nánar tiltekið skal SA halda uppi almennum brunavörnum og opinberu eldvarnaeftirliti með atvinnuhúsnæði hjá nágrannasveitarfélögum, í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Þannig ber slökkviliði að sinna því hlutverki sem kveðið er á um í lögum nr. 75/2000, þ.m.t. eldvarnaeftirliti skv 12. gr. laganna.

SA skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum búnaði, tækjum og húsnæði fyrir slökkvilið, þannig að hann geti sinnt almennu slökkvistarfi og brunavörnum hjá nágrannasveitarfélögum

SA skal annast nauðsynlegt og lögbundið eftirlit með brunavörnum í atvinnuhúsnæði í nágrannasveitarfélaganna, í samræmi við ákvæði í reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017.

SA skal sjá um gerð brunavarnaáætlana/slökkviáætlana og m.a. sjá um að uppfæra upplýsingar og kort um aðstæður í nágrannasveitarfélögum, sem láta í té upplýsingar um slökkvivatn. .,

SA ber að þjónusta byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar sbr. lögum um mannvirki nr. 160/2010. , þ.á.m. yfirfara byggingarnefndarteikningar, lokaúttektir o.fl., í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að brunavarnir séu í samræmi við lög og reglur.

Í samræmi við 21. gr. laga nr. 75/2000, skuldbindur SA sig til að bregðast við mengunaróhöppum á því svæði sem samningurinn tekur til og fellur innan ramma lagaákvæðisins.

5.0. Greiðslur.

Akureyrarbær og nágrannasveitarfélögin skipta á milli sín, í hlutfalli við íbúatölu, heildarrekstrarkostnaði Slökkviliðs Akureyrar skv. fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar, þ.m.t. kostnaði vegna eldvarnaeftirlits.

Fara skal eftir samræmdum reglum um reikningskil sveitarfélaga við ákvörðun á hvað teljast skuli rekstrarkostnaður hjá SA, þ.m.t. þátttaka í rekstrarkostnaði yfirstjórnar sveitarfélagsins. Tekjur slökkviliðsins fráheilbrigðisráðuneytið og eftir atvikum aðrar sértekjur slökkviliðsins svo sem vegna sjúkraflugs, skulu koma til frádráttar áður en hlutdeild hvers og eins sveitarfélags er reiknuð út.

Verði kostnaður minni/meiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir, ber að endurreikna kostnað aðila til samræmis við raunverulegan kostnað, en uppgjör vegna þess skal fara fram eigi síðar en mánuði eftir að ársreikningur liggur fyrir. Miða skal við íbúatölu 1. desember árið á undan gjaldárinu. Þannig er við gildistöku samningsins heildaríbúafjöldi svæðisins miðað við 1. desember 2020 (Akureyri 19.217, Eyjafjarðarsveit 1.090, Hörgársveit 648, Svalbarðsstrandarhreppur 435) 21.390.

Nágrannasveitarfélögin skulu standa skil á greiðsluhlutdeild sinni með fjórum jöfnum greiðslum þannig að fyrsta greiðsla hvers gjaldárs verði í febrúar og síðasta greiðsla í nóvember.

6.0. Afhending gagna, starfsstöð SA.

Nágrannasveitarfélögin skulu senda SA teikningar (byggingarnefndarteikningar) og önnur gögn í tengslum við byggingarleyfisumsóknir, sem nauðsynlegt er að yfirfara af slökkviliðsstjóra/eldvarnaeftirliti. SA sendir gögnin til baka, að yfirferð lokinni.

SA hefur starfsstöð á Akureyri og mun þjónusta nágrannasveitarfélögint út frá þeirri starfsstöð eða hvar svo sem SA kýs hverju sinni. SA ber engin skylda til þess að hafa sérstakar starfsstöðvar eða reglulega starfsemi í nágrannasveitarfélögunum.

7.0. Lagagrundvöllur, vanefndir, uppsögn o.fl.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og er ótímabundinn.

Samninginn skal taka til endurskoðunar í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna.

Samningsaðilar geta sagt samningum upp með 12 mánaða fyrirvara, en uppsögn skal miða við mánaðarmót. Uppsögn skal tilkynna sannanlega, en uppsögn send í ábyrgðarpósti telst fullnægjandi í því sambandi.

Samningsaðilar skulu eiga rétt á endurskoðun samningsins á hverju ári og skal beiðni um slíkt hafa borist fyrir 1. september ár hvert, en í henni skulu reifuð atriði sem óskar er endurskoðunar á. Endurskoðun á grundvelli slíkrar beiðni skal almennt lokið innan tveggja mánaða frá því hún er sett fram. Náist ekki samkomulag um breytingar gilda ákvæði samningsins óbreytt, en þó er þeim aðila sem óskaði endurskoðunarinnar, heimilt að segja samningnum upp. Gildir þá uppsögnin frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir að beiðni um

endurskoðun barst, enda hafi uppsögnin verið tilkynnt strax eftir að samkomulagsviðræðum lauk.

Vanefni aðilar samningskyldur sínar og verði ekki úr bætt að undangenginni áskorun, er riftun heimil, enda ekki um smávægilega vanefnd að ræða.

Viðsemjandi Akureyrarbæjar ber einungis ábyrgð á greiðsluhlutdeild sinni, sem tekur mið af íbúafjölda sveitarfélagsins í hlutfalli af heildaríbúafjölda.

Samningsaðilum ber að tilkynna Mannvirkjastofnun um samning þennan, sbr. 14. gr. nr. 75/2000.

Mál út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Akureyri 2021,

F.h. Akureyrarbæjar

Undirritað með rafrænum skilríkjum

f.h. Eyjafjarðarsveitar

Undirritað með rafrænum skilríkjum

Undirritað með rafrænum skilríkjum

f.h. Hörgársveitar

Undirritað með rafrænum skilríkjum

f.h. Svalbarðsstrandarhrepps